

Alþingi  
Erindi nr. P 130 / 2365  
Mudagur 7.5.2004

7. maí 2004

Góðan daginn.

Ég heiti Gísli Valtýsson, frkstj. Eyjasýnar ehf. kt. 480278-0549 í Vestmannaeyjum.

Skv. bréfi þar um sendi ég hér umsögn okkar um frumvarp til útvarpslaga og

samkeppnislög, mál nr. 974.

Eyjasýn ehf. telur í ljósi stöðunnar á íslenskum fjölmiðlamarkaði, nauðsyn

að settar verði leikreglur um eignarhald á fjölmiðlum. Það væri ólíðandi

ástand, ef einn aðili ætti orðið meirihluta íslenskra fjölmiðla í krafti

sinn auðæfa, og jafnvel eins og staðan er í dag, er orðið tímabært að setja

einhverjar leikreglur þar um.

Þá finnst okkur frumvarpið ganga lengra en þörf er á, varðandi eignarhald á

dagblaði og ljósvaka, þar mætti opna rifu. Slíku fyrirkomulagi er til að

dreifa hjá Eyjasýn, sem gefur út héraðsfréttablað og rekur samhliða sjónvarpsstöð. Í þeim rekstri hafa skapast jákvæð samlegðaráhrif og þessir

miðlar okkar hafa stutt hvorn annan, í annars kröppum dansi fjölmiðlarekstur.

Þá teljum við að gefa hefði átt þessari umræðu lengri tíma og leyfa hagsmunaaðilum að blása betur út, áður en málið er keyrt í gegnum Alþingi.

Það er vont að setja lög, sem breytir mikið högum fólks og veldur uppnámi og æsingi.

Okkur sýnist að frumvarpið komi lítt eða ekkert við rekstur Eyjasýnar ehf.

Kveðja úr Vestmannaeyjum,

Gísli Valtýsson, frkstj. Eyjasýnar ehf.